

## Danska.

Megin tilgangur dönskukennslu er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðir með tilliti til menntunar og atvinnu. Danska er kennd vegna samskipta og menningartengsla okkar við Norðurlandþjóðirnar.

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla.

Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í erlendum tungumálum sett fram í sjö flokkum: hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni. Hæfniviðmiðin eru ekki tengd ákveðnum bekkjum heldur er settur þriggja stiga rammi sem auðveldar skipulag á einstaklingsmiðuðu námi, þar sem hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitir ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi. Miðað er við að í lok grunnskólans hafi þorri nemenda lokið 3. stigi.

Á blaðsíðum 125-131 í 20. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um erlend tungumál, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok hvers stigs.

Sjá:

[http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/7FC6618E765E116300257B2F003C2817/Attachment/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netu\\_tgafa\\_2013.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/7FC6618E765E116300257B2F003C2817/Attachment/grunnskoli_greinanamskrar_netu_tgafa_2013.pdf)

## Kennsluhættir:

**Hlustun:** Nemendur hlusta á mismunandi textagerðir og venjast því að heyra málið við sem raunverulegastar aðstæður.

**Lesskilningur:** Nemendur lesi margvíslegar textagerðir, sér til gagns og gamans.

**Samskipti:** Nemendur þjálfist í að nota tungumálið sem samskiptamiðil í kennslustundum, tjái sig í misstórum hópum um viðfangsefni sem verið er að fjalla um og sýni viðeigandi tillitsemi.

**Frásögn:** Nemendur þjálfist í að flytja undirbúinn texta eða kynningu frammi fyrir bekkjarfélögum og nýti sér til þess upplýsingar sem þeir hafa aflað sér í gegnum hina ýmsu miðla.

**Ritun:** Nemendur þjálfist í að skrifa texta á dönsku út frá þeim orðaforða og málfræðireglum sem þeir hafa lært.

**Menningarläsi:** Nemendur kynnist daglegu lífi jafnaldra sinni í Danmörk og setji sig í þeirra spor með margvíslegum verkefnum.

**Námshæfni:** Nemendur þjálfist í að skipuleggja eigið nám og meta eigin námsstöðu. Nemendur komi með hugmyndir um hvernig þeim finnst best að læra dönsku.

Nemendur í 8. bekk fá kennslu í dönsku sem nemur 3 kennslustundum (120 mín.) á viku.

**Kennari:** Íris Dögg Jónsdóttir

**Námsgögn:** Tak lesbók og vinnubók.

Gagnvirkt námsefni í dönsku á nams.is og valið efni af netinu sem tengist fjölmiðlum og dægurmenningu. Þættir og kvikmyndir.

**Námsmat:**

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima.

Á annarskilum er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.